



## Stjórnarfundur 6 miðvikudaginn 9. maí 2012 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður. Stefán Jóhannesson, Aðalsteinn Einar Eymundsson, Kristján Geir Guðmundsson.

Afboð og mættu ekki: Svala Vignisdóttir, Óskar Hauksson, Hreggviður Norðdahl og Valdimar Hafsteinsson

### Dagskrá

- Ársþing BLÍ
- Landslið
- Innsend erindi
- Önnur mál

### Fundargerð

#### Ársþing BLÍ

- ✓ Þingið verður 12. maí í Laugardalshöll.
- ✓ Ákveðið hverjir stýra starfsnefndum þingsins og sagt frá tillögum um þingforseta og þingritara.
- ✓ Rætt um þau mál sem liggja fyrir og heiðranir á þinginu.

#### Landslið

- ✓ Landsliðsnefnd fundaði rétt fyrir stjórnarfund og ákvað gjald vegna ferðanna framundan. BLÍ styrkir landsliðsfólk nokkuð mikið að þessu sinni, sérstaklega þar sem verkefnin eru orðin mjög dýr.
- ✓ Þjálfarar fyrir U17 ára landsliðanna verða Brynjar Pétursson með karlaliðið og Emil Gunnarsson með kvennaliðið. U17 keppnin fer fram í Kuortane í Finnlandi í september.

#### Innsend erindi

- ✓ Bréf barst frá Íþróttafulltrúa Dalvíkurbyggðar er sneri að Öldungamóti BLÍ. Bréfið rætt og verður svarað.
- ✓ Bréf frá HK er varðar heimaleikjarétt og rætt innan stjórnar. Bréfinu verður svarað.
- ✓ Bréf frá UMFG var tekið fyrir og rætt vegna sektar karlaliðs UMFG. Engin rök eru með því að fella niður sektina. Bréfinu verður svarað.

#### Önnur mál

- ✓ Aðeins var rætt um hvernig auka mætti tekjur sambandsins með því að setja á iðkendagjald. Ekkert var ákveðið í þeim efnum en vissulega hægt að ræða það betur í náinni framtíð. Hugmyndir voru um að auka þátttökugjöldin enn frekar sem og laun dómara.

Næsti fundur áætlaður fljótlega eftir ársþing BLÍ.

Fundi slitið kl. 18:00

Sævar Már Guðmundsson ritaði fundargerð